

2010 nr. 155 27. desember

Lög um sérstakan skatt á fjármálfyrirtæki

Tóku gildi 30. desember 2010. *Breytt með 1. 73/2011 (tóku gildi 28. júní 2011 nema 2. og 5. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.), 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), 1. 164/2011 (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.), 1. 139/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 9., 13.–14., 16.–17., 22. og 27.–29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 30. gr.) og 1. 107/2015 (tóku gildi 6. nóv. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 6. gr.).*

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. *Markmið.*

□ Markmið þessara laga er tvíþætt, annars vegar að afla ríkinu tekna til að mæta þeim mikla kostnaði sem fallið hefur á ríkissjóð vegna hruns íslenska fjármálakerfisins, hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálfyrirtækja með því að leggja sérstakan skatt á skuldir þeirra vegna þeirrar kerfisáhættu með tilheyrandi kostnaði sem áhættusöm starfsemi þeirra getur haft í för með sér fyrir þjóðarbúið.

■ 2. gr. *Skattskyldir aðilar.*

□ Skylda til að greiða sérstakan skatt, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á fjármálfyrirtækjum, sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki, og öðrum aðilum sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánum. Skattskylda þessi tekur einnig til útibúa erlendra fjármálfyrirtækja sem taka við innlánum eða hafa samþærilegar starfshemildir og viðskiptabanki, sparisjóður eða lánafyrirtæki. [Skattskylda þessi tekur einnig til aðila sem sæti slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, þ.m.t. lögaðila sem heraðsdómur hefur úrskurðað að skuli tekinn til gjaldþrotaskipta.]¹⁾

□ Undanþegnir skattálagningu samkvæmt lögum þessum eru:

a. fyrirtæki sem eru stofnuð samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra að illu leyti nema annars sé getið í þeim lögum,

b. [lögaðilar sem ádur störfuðu sem viðskiptabankar eða sparisjóðir, sbr. 4. gr. laga um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, en hafa fengið frumvarp að nauðasamningi samþykkt á fundi sem boðaður hefur verið á grundvelli 2. málsl. 3. mgr. 103. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki, og lagt fram skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamnings fyrir heraðsdómara skv. IX. kafla laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.]²⁾

¹⁾ L. 139/2013, 18. gr. ²⁾ L. 107/2015, 3. gr.

■ 3. gr. *Skattstofn.*

□ Stofn til sérstaks skatts á fjármálfyrirtæki er heildar-

skuldir skattskylds aðila [skv. 2. gr. umfram 50 milljarða kr.]¹⁾ í lok tekjuárs.

□ Heildarskuldir skv. 1. mgr. eru skuldir, sbr. 75. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eins og þær eru tilgreindar á skattframtíði fjármálfyrirtækja samkvæmt þeim lögum.

□ Óheimilt er að fella saman eignir og skuldir innan einstakra liða eða flokka við útreikning á skattstofni.

□ [Skattstofn aðila sem fellur undir 3. málsl. 1. mgr. 2. gr. er samtala viðurkenndra krafna umfram 50 milljarða kr. í búhans í lok ársins á undan álagningarári.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 19. gr.

■ 4. gr. *Gjaldhlutfall.*

□ Gjaldhlutfall sérstaks skatts á fjármálfyrirtæki er [0,376%].¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 20. gr.

■ 5. gr. *Álagning, eftirlit, kærur, innheimta og viðurlög.*

□ Að öðru leyti en greinir í þessum lögum fer um álagningu, eftirlit, kærur og innheimtu skatts samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. IX.–XIV. kafla þeirra laga. Varðandi viðurlög er sérstaklega vísað til XII. kafla laganna.

■ 6. gr. *Álagður skattur.*

□ Skattur samkvæmt lögum þessum telst ekki rekstrarkostnadar skv. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

■ [6. gr. a. Skattkrafa á grundvelli laga þessara skal njóta rétthæðar skv. 3. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., við slitameðferð eða gjaldþrotaskipti sama aðila.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2013, 21. gr.

■ 7. gr. *Reglugerðarheimild.*

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

¹⁾ L. 126/2011, 537. gr.

■ 8. gr. *Gildistaka.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010 og skulda í lok þess árs. Lög þessi skulu koma til endurskoðunar innan eins árs frá gildistöku þeirra.

■ [Ákvæði til bráðabirgða. [Við álagningu opinberra gjalda árin 2012 og 2013 skal til viðbótar við sérstakan skatt samkvæmt lögunum greiða 0,0875% af skattstofni eins og hann er ákvæðaður í 3. gr. Gjalddagri viðbótarskatt eins er 1. nóvember 2012 og 2013. Greiða skal fyrir fram upp í álagðan viðbótarskatt 1. nóvember 2011 og 2012 og miðast sú greiðsla við skattstofn eins og hann var í árslok 2010 og 2011 og það skatthlutfall sem kveðið er á um samkvæmt ákvæði þessu.]²⁾

¹⁾ L. 164/2011, 23. gr. ²⁾ L. 73/2011, 11. gr.